



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

DÖV/
M. 007-2013-1116

Reykjavík, 27. mars 2013

Hér með tilkynnist að kæru þinni vegna meintra hótana og ærumeiðinga í þinn garð á vefsíðunni vinstrivaktin.blog.is af hendi aðila sem ritar undir heitinu „palli“ á tímabilinu 20. júlí 2012 – janúar 2013, er vísað frá embættinu.

Við ákvörðun þessa er lagt til grundvallar að embætti lögreglustjóra telur meintar hótanir ekki uppfylla skilyrði 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en að mati lögreglustjóra er einungis um að ræða karp á internetinu sem hafi ekki frekari þýðingu. Vísast þar til þess að ummælin hafi verið höfð í skoðanaumræðu á framangreindri vefsíðu en hvergi annars staðar og þá hefur þeim ekki verið fylgt eftir með neinum hætti. Verður ekki séð að ummælunum hafi fylgt nokkur alvara um hótun um líkamsmeiðingar. Þegar af þeirri ástæðu er það mat lögreglustjóra að vísa beri kærurni frá.

Þykja samkvæmt framangreindu ekki vera skilyrði til að verða við beiðni þinni um rannsókn og er í því sambandi vísað til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Er bent á að bera má ákvörðun þessa undir ríkissaksóknara innan mánaðar frá dagsetningu bréfs þessa.

F.h.l.

Dagmar Ösp Vésteinsdóttir

Dagmar Ösp Vésteinsdóttir
aðstoðarsaksóknari



Jón Frímann Jónsson
Danmörk
jonfr@jonfr.com